

5. gr.

Leita skal umsagnar Löggildingarstofu um erindi er berast og skal umsókn fela í sér hvort eða að hve miklu leyti unnt sé að taka umsókn til greina, sbr. 6. gr.

6. gr.

Þegar heimild er veitt til að nota starfsheitið raffræðingur má bæta við innan sviga aftan við heitið A+B eða B til nánari auðgreiningar. Viðbótin er ekki formlegur hluti starfsheitisins. Birta má listann á vef ráðuneytisins.

7. gr.

Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir veitingu heimildar til að nota starfsheiti.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 7. gr. laga nr. 8/1996 um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum og öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 2002.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Ölfuss nr. 334/1999.

1. gr.

- Við B-lið 57. gr. samþykktarinnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
22. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með umsjón menningarmála í sveitarfélaginu í umboði bæjarstjórnar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. september 2002.

E. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.